Nr. 50
28. nóv.

3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.

Nr. 51
28. nóv.

Lög

um

takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

Takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki skulu vera þau, er hjer segir: Að norðan Gönguskarðsá, að vestan Nafabrún frá Gönguskarðsá að Sauðá í Sauðárgili, að sunnan bein lína úr Sauðárgili til sjávar, þar sem eru landamerki Sauðár og Sjávarborgar, og að austan sjávarströndin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.